

24. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 18. maí 2012, kl. 13:30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Helgi Jóhannsson formaður, Jónína Magnúsdóttir, Aðalsteinn Arnarsson, Edvard Huijbens, Guðni Brynjólfur Ásgeirsson, Björg Traustadóttir, Valgerður Ósk Einarsdóttir, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

## **Dagskrá:**

### **1 Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

### **2 Staða mála vegna viðbótarhúsnæðis**

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu mála. Ríkið hefur samþykkt það sem að því snýr en enn hafa sveitarfélögin ekki gengið formlega frá sínum málum. Starfsbraut verður flutt í núverandi eldhús og þar verða gerðar nokkrar breytingar. Myndlist fer í smíðastofu og listljósmyndun í textílstofu. Þar þarf að gera nokkrar breytingar. Ýmsar hugmyndir ræddar um frekari stækkun á húsnæði skólans í framtíðinni. Þar er höfð í huga viðbótarálma í austur sem gæti t.d. rúmað sal fyrir skólann sem gæti nýst fyrir ýmsa atburði og sem matsalur nemenda.

### **3 Matarmál nemenda**

Skólameistari gerði grein fyrir því að skólinn hefði tekið þátt í útboði fyrir Grunnskólann. Fyrir liggur hugmynd að því að fá inni í vallahúsi við íþróttavöll. Einnig er hugmynd að því að fá inni í matsal Grunnskólans.

### **4 Innritun vegna næsta skólaárs**

Skólameistari upplýsti að nú hefðu 44 nemendur sótt um skólavist fyrir næstu önn.

### **5 Niðurstaða úr umsóknum í Sprotasjóð**

Skólameistari gerði grein fyrir að ekki hefðist fengið styrkur í þau verkefni sem sótt var um til Sprotasjóðs. Sameiginleg umsókn vegna umhverfis- og auðlindabrautar fékk hins vegar 1,5 mkr. í styrk.

### **6 Umhverfis- og auðlindabraut, fjarmenntaskolinn.is**

Skólameistari greindi frá stöðu mála er varða umhverfis- og auðlindabraut, Fjarmenntaskólann. Verkefnið er samstarfsverkefni fjögurra framhaldsskóla eins og áður hefur komið fram. Það eru MTR, FAS, ME og FSN. Verkefnisstjóri hefur verið ráðinn og upp hefur verið sett heimasíða og hannað merki fyrir skólann. Verkefnisstjórinn er starfsmaður MTR, Valgerður Ósk Einarsdóttir, og verður hún í 50% starfi við MTR og 50% við umhverfis- og auðlindabrautina.

### **7 Önnur mál**

#### *7.1 Skóladagatal næsta skólaárs*

Aðstoðarskólameistari lagði fram til kynningar drög að skóladagatali næsta skólaárs.

## *7.2 Almannaþarnir*

Jónína lagði fram spurningu um aðstöðu til gistingar ef upp kemur tilvik þar sem nemendur þurfa að gista vegna ófærðar eða annarrar vár. Í MTR er fjöldahjálparstöð almannaþarna en þar eru ekki til staðar dýnur til gistingar. Samþykkt að *skólastjórnendur sendi erindi vegna málsins til almannaþarnanefndar.*

## *7.3 Námskeið starfsmanna*

Skólameistari upplýsti að í næstu viku yrðu kennarar á námskeiðum þar sem ýmsir aðilar koma og halda námskeið fyrir kennara þar sem víða er komið við.

## *7.4 Brautskráning*

Á morgun, laugardaginn 19. maí, verða 12 nemendur útskrifaðir í Ólafsfjarðarkirkju, kl. 11:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.50

Fundargerð ritaði  
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir